

Fundargerð stjórnar KFÍ

Stjórnarfundur haldinn að Torfnesi þriðjudaginn 5. apríl kl. 16:30

Mætt: Ingólfur Þorleifsson, formaður, Birna Lárusdóttir, Guðmundur Einarsson og Ingi Björn Guðnason sem skráði fundargerð.

1. Yfirþjálfari KKD Vestra

Laugardaginn 2. apríl var gengið frá samningi við Yngva Pál Gunnlaugsson um að taka við starfi yfirþjálfara KKD Vestra. Yngvi Páll og eiginkona hans heimsóttu Ísafjörð, Suðureyri og Bolungavík til að kanna aðstæður og ræða við stjórnina. Sú heimsókn leiddi af sér að samningur var undirritaður og kemur Yngvi formlega til starfa þann 1. ágúst næstkomandi en mun sinna verkefnum fyrir KKD Vestra í sumar eftir þörfum.

2. Búningamál

Stuttlega rætt um búningamál og ræddir möguleikar sem kynntir voru á fundi aðalstjórnar Vestra nýverið.

3. 17. júní

Rætt um mönnun og skipulag á 17. júní. Fyrir liggur að þrír núverandi stjórnarmenn verða að mestu frá á 17. júní. Því þarf að manna daginn með góðum fyrirvara. Ingi Björn mun fá á hreint hvert verksvið félagsins verður í sumar. Ingólfur athugar með mönnun aðila sem stýrt geta aðgerðum auk þeirra stjórnarmanna og BUR-liða sem verða á staðnum.

4. Aðalfundur

Aðalfundur KFÍ. Stefnt að því að halda aðalfund í lok apríl, 25.-28. apríl. Nauðsynlegt að fundurinn sé haldinn vel fyrir hérðasþing HSV 18. maí.

Fundi slitið kl. 18:00.